



Stjórnarfundur haldinn 30. okt. 2003 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar lá frammi.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá ÍSÍ/fjármálaráðstefna 2003 á Grand Hotel 9. okt. 2003.

Bréf frá UMFÍ/námskeið (Að starfa í stjórn) á vegum Leiðtogaskólans er nú í boði hjá skólanum.

Afrit af bréfi formans Sunddeildar til MÍT.

3. Send bréf.

Fréttatilkynning til fjölmiðla vegna styrkveitingar aðalstjórnar til deilda.

4. 43. sambandsþing UMFÍ á Sauðárkróki 18-19/10 `03.

Einar fór yfir það helsta sem gerðist á þinginu. Einar Haraldsson var kosin í varastjórn UMFÍ, en Sigurbjörn Gunnarsson gjaldkeri hjá UMFÍ gaf ekki kost á sér. Sigurbjörn hefur setið í 18 ár í stjórn eða varastjórn UMFÍ fyrir hönd Keflavíkur og vill stjórn félagsins þakka Sigurbirni fyrir hans framlag. Sannur félagsmaður á ferð.

5. Jólblað Keflavíkur.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að undirbúningur væri hafinn. Tvö viðtöl verða við þá Guðmund Rúnar Júlíusson og Þorstein Erlingsson.

6. Fyrirmyndardeildir Keflavíkur (vottun ÍSÍ).

ÍSÍ boðaði til blaðamannfundar í félagsheimili okkar mánudaginn 27. okt. 2003 þar sem Kjörfuknattleiksdeild og Knattspyrnudeild fengu viðurkenningu ÍSÍ Fyrirmyndarfélag/deild, en áður hafa þrjár deildir innan félagsins hlotið þessa viðurkenningu en þær eru Sunddeild, Fimleikdadeild og Badmintondeild. Glæsilegur árangur þetta. Aðalstjórn óskar deildum til hamingju með þennan árangur.

7. Önnur mál.

Einar sagði af gangi mála í Evrópunefnd Kjörfuknattleiksdeildar en hann á sæti í henni. Vinnan er samkvæmt áætlun.

Framtíðarnefnd félagsins hefur tekið til starfa og hefur haldið einn fund. Birgir Ingibergsson er fulltrúi aðalstjórnar og Skúli Þ. Skúlason er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur sett sér markmið að skila af sér til aðalstjórnar um ármótin 2003-2004. Margar athyglisverðar hugmyndir um mannvirkjaþörf og starfsemi félagsins hafa komið fram.

Kári kom inná heimasíðu félagsins og vill gera bragabót á síðunni lífga hana upp. Ákveðið að skoða málið.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa sjónvarp, vídeó, dvd spilara, skóhillu og fatahengi. Athuga með að koma viftu í glugga í sal.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:35.